

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/478****2021/EES/7/40****frá 1. apríl 2020****um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ⁽¹⁾, einkum 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 á framkvæmdastjórnin, eigi síðar en 1. janúar 2018, að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði sem er leyft eða tilkynnt um samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 ⁽²⁾.
- 2) Skrá Sambandsins yfir nýfæði, sem er leyft eða tilkynnt um samkvæmt reglugerð (EB) nr. 258/97, var komið á fót með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ⁽³⁾.
- 3) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1023 ⁽⁴⁾ var framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 leiðrétt og viðaukanum við hana skipt út í því skyni að fella inn heimilað eða tilkynnt nýfæði sem ekki er innifalið í upphaflegri skrá Sambandsins.
- 4) Eftir birtingu framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2017/2470 og framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/1023 fundu stjórnendur matvælafyrirtækja viðbótarvillu í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 og tilkynntu framkvæmdastjórninni um það.
- 5) Þörf er á leiðréttingu til að skapa skýrleika og réttarvissu fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja og lögbær yfirvöld aðildarríkjanna og tryggja þannig rétta framkvæmd og notkun á skrá Sambandsins yfir nýfæði.
- 6) Olía úr *Schizochytrium* sp. (T18) var leyfð sem nýfæði með tilkynningaraðferð skv. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97. Í nákvæmri skilgreiningu á olíu úr *Schizochytrium* sp. (T18) er sýrutala ranglega tilgreind sem $\leq 0,5$ mg kalíumhýdroxíð/g í stað réttu tölunnar $\leq 0,8$ mg kalíumhýdroxíð/g. Í skrá Sambandsins yfir nýfæði, sem komið var á fót með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470, er sama ranga talan tilgreind.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 102, 2.4.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 195/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 frá 27. janúar 1997 um ný matvæli og ný innihaldsefni í matvælum (Stjttíð. EB L 43, 14.2.1997, bls. 1).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjttíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

(4) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1023 frá 23. júlí 2018 um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði (Stjttíð. ESB L 187, 24.7.2018, bls. 1).

- 7) Því ætti að leiðrétta nákvæmu skilgreininguna fyrir olíu úr *Schizochytrium* sp. (T18) sem varðar sýrutöluna í töflu 2 í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukinn við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er leiðréttur í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. apríl 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir olíu úr *Schizochytrium* sp. (T18) í töflu 2 (nákvæm skilgreining) í viðaukanum við reglugerð (ESB) 2017/2470 kemur eftirfarandi:

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
„Olía úr <i>Schizochytrium</i> sp. (T18)	Sýrutala: $\leq 0,8$ mg kalíumhýdroxíð/g Peroxíðtala (PV): $\leq 5,0$ meq/kg olíu Raki og rokgimi: $\leq 0,05\%$ Ósápanlegir þættir: $\leq 3,5\%$ Transfítusýrur: $\leq 2,0\%$ Óbundnar fítusýrur: $\leq 0,4\%$ Dókósaheksensýruinnihald: $\geq 35\%$ “